



Kennsluáætlun

| | |
|---------------|---------------------------------------|
| Áfangi: | ÍSLE3RN05 – Ritun og nútímabókmenntir |
| Kennari: | Solveig Guðmundsdóttir |
| Önn: | Haust 2019 |
| Áætlun unnin: | Haust 2019 |

Markmið:

Pekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- bókmenntasögu 20.- 21. aldar
- áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir 20. og 21. aldar
- helstu hugtökum sem tengjast bókmenntastefnum 20. og 21. aldar
- hlutverki bókmennta í samfélaginu og áhrifum þeirra á einstakling og samfélag
- nokkrum helstu höfundum og verkum tímabilsins
- listrænum einkennum ljóða frá tímabilinu
- listrænum einkennum smásagna frá tímabilinu
- listrænum einkennum skáldsagna
- skáldsögum sem endurspeglar ólíkar bókmenntastefnur
- bragarháttum, myndmáli og stílbrögðum ljóða 20.-21. aldar
- málarslegum einkennum mismunandi stíls og atriðum sem lúta að framsetningu máls

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að lesa ýmsar gerðir ritaðs máls sér til gagns og gamans, skilja lykilhugtök og greina mismunandi sjónarmið
- að semja texta með mismunandi stíl
- að skrifa mismunandi gerðir ritsmíða, m.a. heimildaritgerð sem byggist á greiningu og túlkun texta með aðstoð hugtaka úr bókmenntafræði
- að nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til að betrumbæta texta og önnur verkefni
- að flytja af öryggi vel uppbyggða kynningu
- að vinna að bókmenntakynningum undir leiðsögn kennara sem fela í sér greiningu bókmenntatexta, upplýsingaöflun og lestur fræðitexta



- að nýta sér fræðsluefni eða listrænt efni í hljóð- og myndformi sem unnið hefur verið í tengslum við bókmenntir tímabilsins
- að draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum, hvort sem er í ræðu eða riti, og meta áreiðanleika þeirra.
- að fjalla um leiksýningu eða kvikmynd
- nýta tölvutækni til að ganga frá textum til verkefnaskila, útgáfu eða birtingar á vefsíðum á Netinu sem og í önnur verkefnaskil.

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig um íslenskar bókmenntir 20. aldarinnar í ræðu og riti og taka þátt í málefnalegum umræðum efni þeirra og samhengi í bókmenntasögu aldarinnar.
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta, átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná duldum boðskap og hugmyndum.
- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta af ýmsu tagi
- sýna víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum

sem metið er með:

Leiðsagnarmati

Námsefni:

Þyrnar og rósir, efni af vef, Öldin öfgafulla eftir Dagnýju Kristjánsdóttur, Sjálfstætt fólk eftir Halldór Kiljan Laxness, Ör eftir Auði Övu Ólafsdóttur og efni frá kennara.

Námsmat:

Prófseinkunn (%):

Munnleg próf úr efni verkefna gilda til einkunnar og í mörgum tilvikum er ekki gefin lokaekunn fyrir verkefni, þ.e. tölueinkunn, fyrr en að afloknu munnlegu prófi.

Verkefnaekunn (%):

| | |
|--|-----|
| Verkefni um nýrómantík | 10% |
| <i>Sjálfstætt fólk</i> – umræður og verkefni | 20% |
| Verkefni um súrrealisma | 5% |
| Verkefni um félagslegt raunsæi | 10% |
| Verkefni um módernisma | 15% |
| Ör - umræður og verkefni | 20% |
| Verkefni um póst-módernisma | 10% |
| Munnleg próf | 10% |



| |
|--|
| Skipulag náms: |
| Námstilhögun: |
| Fjórir fastir tímar á viku, verkefnatímar auk rafrænna samskipta milli kennara og nemenda í gegnum Moodle, með tölvupósti og Skype. Nemendur hafa aðgang að kennara í skólanum flesta daga. Námsnemenda fer aðallega fram með verkefnavinnu og nemendur vinna ýmist einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Mikið er lagt upp úr sjálfstæðum vinnubrögðum og alls kyns tjáningu í formi kynninga og umræðna. Verkefnum er skilað á fjölbreyttan hátt og verður símat alla önnina. |
| Föstu tímarnir verða notaðir í umræður, verkefnavinnu og til kynningar á verkefnum. Ýmsir textar verða teknir fyrir, bæði skáldsögur, smásögur og ljóð sem og almennir yfirlitstextar á vef. Skáldsaga eftir Halldór Kiljan Laxness verður lesin og rædd og verkefni unnin samhliða lestrinum. Nemendur fá mikla þjálfun í ritun í áfanganum því þeir skila fjölbreyttum ritunarverkefnum um bókmenntatexta sem og texta frá eigin brjósti. Í því verkefni eins og öðrum mega nemendur gjarnan sýna frumleika og gefa sköpunargleðinni lausan tauminn. |
| Um skilafrest og vanskil: |
| Nemandi í framhaldsskóla ber ábyrgð á eigin námi. Engin sein skil verða leyfð í áfanga nema með leyfi skólameistara. |
| Um próf: |
| Nemendur geri ráð fyrir því að taka munnleg próf úr verkefnum sínum til að fá þau metin til einkunnar. |
| Vikuskema: |
| Sjá INNU. |

| Áætluð yfirferð: | | |
|--|--|--|
| Vikur | Efni | Skil á verkefnum og próf |
| 34. vika 18.-24. ág. 20. ág. – fyrsti kennslud. | Nýrómantík | Ritun um ljóð – fyrri skil (fjarnemar)/ örfyrirlestrar staðnema |
| 35. vika 25. – 31. ág. | Nýrómantík <i>Sjálfstætt fólk</i> | Ritun um ljóð – seinni skil (fjarnemar)/valverkefni staðnema |
| 36. vika 1. -7. sept. | Súrrealismi <i>Sjálfstætt fólk</i> | Súrrealismi – paraverkefni |
| 37. vika 8.-14. sept. | Súrrealismi – sýning <i>Sjálfstætt fólk</i> | Félagslegt raunsæi – fyrri skil |



| | | |
|---|--|--|
| Framhaldsd. 10.-13. sept. | Félagslegt raunsæi | |
| 38. vika 15.-21. sept. | Félagslegt raunsæi <i>Sjálfstætt fólk</i> | Félagslegt raunsæi – seinni skil Munnlegt próf/viðtöl |
| 39. vika 22.-28. sept. 23. og 24. sept. – námsmatsd. 25. sept. – 1. umsögn | Félagslegt raunsæi <i>Sjálfstætt fólk</i> | Munnlegt próf/viðtöl |
| 40. vika 29. sept. – 5. okt. | Móðernismi <i>Sjálfstætt fólk</i> | Móðernismi I |
| 41. vika 6.-12. okt. | Móðernismi <i>Sjálfstætt fólk</i> | Móðernismi II – fyrri skil |
| 42. vika 13.-19. okt. | Móðernismi <i>Sjálfstætt fólk</i> | Móðernismi II – seinni skil |
| 43. vika 20.-26. okt. 22.-25. okt. Framhaldsd. | Póst-móðernismi <i>Sjálfstætt fólk</i> | |
| 44. vika 27. okt.-2. nóv. | Póst-móðernismi <i>Sjálfstætt fólk</i> | Póst-móðernismi – verkefni Munnlegt próf/viðtöl |
| 45. vika 3.-9. nóv. 7. og 8. nóv. - námsmatsd. | | |
| 46. vika 10.-16. nóv. 11. nóv. – 2. umsögn | Ör | Verkefni úr Ör |
| 47. vika 17.-23. nóv. | Ör | Verkefni úr Ör |
| 48. vika 24. -30.nóv. | Ör | Bókmenntaitgerð / valverkefni |
| 49. vika 1.– 7. des. | Lokaverkefni annar. | |



Fjölbrotaskóli Snæfellinga

| | | |
|---|--|--|
| Framhaldsd. 2.-6. des. | | |
| 50. vika 8.-14. des. | Námsmat Einkunnabirting 11. desember. | |

*Birt með fyrirvara um breytingar,
Solveig Guðmundsdóttir*